

Fimmtudaginn 15. september kl. 8:30 – 10:30

Almannatengsl og markaðsmál

Hvað geri ég þegar pressan hringir? Forsvarsmenn minni og meðalstórra fyrirtækja lenda stundum fyrirvaralaust í ólgusjó fjölmiðlaumræðu og hafa ekki beinan aðgang að vönum almannatenglum.

Á námskeiðinu er fjallað um nokkur grundvallaratriði í almannatengslum og samskiptum fyrirtækja við fjölmiðla. Fjallað er um samspil markaðsmála og almannatengsla, mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum fjölmiðla og fyrirtækja og hversu brýnt er að fyrirtæki búi sig undir óvænt áfall í starfsemi sinni með markvissum hætti.

Markmið:

- Þekkja mikilvægi fyrstu viðbragða þegar kastljós fjölmiðlanna beinist óvænt að starfsemi fyrirtækisins
- Kunna skil á grundvallaratriðum sem þarf að hafa í huga þegar koma á upplýsingum um fyrirtækið á framfæri við fjölmiðla
- Skilja þarfir og drifkraft fjölmiðlanna í leit þeirra að fréttum
- Öðlast skilning á mikilvægi áfallastjórnunar og -undirbúnings

Leiðbeinandi: Ólafur Stephensen



Ólafur er framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Ólafur hefur langa reynslu af störfum í fjölmiðlum sem blaðamaður og ritstjóri á ýmsum miðlum. Hann hefur einnig starfað að almannatengslum fyrir fyrirtæki og félagasamtök og var meðal annars forstöðumaður upplýsinga- og kynningarmála hjá Símanum. Hann hefur meðal annars leiðbeint nemendum Opna háskólans í HR um almannatengsl og markaðsmál.

Verð: kr. 7.900,- (kr. 3.950,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum*)

Skráning: [hér](#)

Tími: Fimmtudagurinn 15. september kl. 8:30 – 10:30 boðið er upp á léttan morgunverð áður en að námskeiðið hefst)

Staður: Hús verslunarinnar, 9. hæð

****Fyrirtæki geta sótt um styrk fyrir þá félagsmenn sína (ekki bara fyrir VR féлага) sem eru innan ASÍ og eru aðilar að starfsmenntasjóðum á Áttin.is www.attin.is ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.***